


Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2027

Umsögn frjálsra félagasamtaka í þróunarsamvinnu við 1. mál á 158. löggjafarþingi

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2027 er gert ráð fyrir að framlög til málefnasviðs alþjóðlegrar þróunarsamvinnu nemi um 0,30% af VÞT. Þetta gengur gegn stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2024-2028 sem Alþingi samþykkti í desember 2023 þar sem kveðið er á um að framlög til þróunarsamvinnu skuli hækka úr 0,35% í 0,46% af vergum þjóðartekjum á tímabilinu. Þessi hækkun var kynnt sem liður í því að styrkja trúverðugleika Íslands í alþjóðlegu samstarfi og nálgast langtímamarkmið Sameinuðu þjóðanna um 0,7%.

Auk þess teljast ýmis útgjöld á öðrum málefnasviðum til opinberrar þróunaraðstoðar (ODA), þ.m.t. útgjöld sem falla til hér á landi vegna umsækjenda um alþjóðlega vernd, og er gert ráð fyrir að sú viðbót nemi 0,03% af VÞT á árinu 2027.

Við umfjöllun um fjármálaáætlun sl. vor bentu frjáls félagasamtök í þróunarsamvinnu á að fjármálaáætlun hefur aldrei endurspeglad markmið samþykkrar þróunarsamvinnustefnu, eins og sjá má á meðfylgjandi mynd. Ekki var brugðist við þeim ábendingum og sama skekkja birtist enn í fjárlagafrumvarpinu. Líkt og fram kemur í greinargerð frumvarpsins var gert ráð fyrir því í stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu að framlögin myndu ná 0,43% af VÞT árið 2027, en að svo stöddu er stefnt að því að þau verði 0,30% af VÞT.



Þetta misræmi milli samþykkrar stefnu Alþingis og endanlegra fjárveitinga veldur áhyggjum og styður hvorki við framkvæmd gildandi þróunarsamvinnustefnu né þau markmið sem Alþingi hefur sjálft sett. Afleiðingin er minni fyrirsjáanleiki í þróunarsamvinnu sem grefur undan trúverðugleika íslenskrar þróunarsamvinnu, jafnt gagnvart samstarfslöndum, alþjóðastofnunum og íslensku borgarasamfélagi.

Skert framlög til þróunarsamvinnu munu hafa bein áhrif á markmið Íslands um útrýmingu fátæktar, virðingu fyrir mannréttindum og bætt lífsskilyrði í fátækari ríkjum heims. Þau munu draga úr tækifærum til valdeflingar kvenna, minnka aðgengi að grunnheilbrigðisþjónustu, skerða tækifæri til þess að bæta aðlögunarhæfni samfélaga í ljósi loftslagsbreytinga og koma í veg fyrir styrkingu félagslegra og borgaralegra innviða, svo nokkur dæmi séu nefnd. Þá er öflug þróunarsamvinna fjárfesting í friði stöðugleika og öryggi í heiminum.

Ísland er eitt ríkasta, hamingjusamasta og friðsælasta land í heimi samkvæmt alþjóðlegum mælikvörðum. Engu að síður er hér tekist á um brot úr prósentu af þjóðartekjum sem verja skuli til að bæta lífsgæði og velferð annars staðar í heiminum. Ísland hefur verið eftirbátur nágrannaríkja sinna í framlögum til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu um áratugaskeið. Gildandi stefna um alþjóðlega þróunarsamvinnu boðaði langþráð skref um að stefna loks í átt að markmiði um 0,7% framlag til þróunarsamvinnu, en þeirri stefnu hefur því miður aldrei verið fylgt.

Undirrituð frjáls félagasamtök í þróunarsamvinnu hvetja Alþingi til að samræma fjárlög samþykkttri þróunarsamvinnustefnu og tryggja að fjárheimildir endurspegli þau markmið sem Alþingi hefur þegar skuldbundið sig til. Fulltrúar samtakanna eru reiðubúnir að mæta á fund nefndarinnar til að gera nánar grein fyrir efni umsagnarinnar.

Virðingarfyllst,

Tóttla I. Sæmundsdóttir
framkvæmdastjóri
Barnaheill – Save the Children á Íslandi

Bjarni Gíslason
framkvæmdastjóri
Hjálparstarf kirkjunnar

Birna Þórarinsdóttir
framkvæmdastjóri
UNICEF á Íslandi

Ragnar Schram
framkvæmdastjóri
SOS Barnaþorpin

Sigríður Schram
framkvæmdastjóri
Samband íslenskra kristniboðsfélaga

Stella Samúelsdóttir
framkvæmdastýra
UN Women Ísland

Ingibjörg Halldórsdóttir
framkvæmdastjóri
Rauði krossinn á Íslandi

Hrönn Svandsdóttir
framkvæmdastjóri
ABC barnahjálp